

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla í samþykkt nr. 249/2005 um fráveitur í Sveitarfélaginu Skagafirði.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa skal vera eftirfarandi:

	<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Árgjald kr.</i>	<i>Tæmingargjald kr.</i>
Rotþró	0-2000	4.300	12.000
"	2001-4000	5.000	14.100
"	4001-6000	6.000	16.800

Gjalddagar fyrir tæmingu rotþróa skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu gjaldsins hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Gjald fyrir sérstaka þjónustu:

Tæmingargjald fyrir rotþró sem er stærri en 6001 lítri skal vera 3.000 kr./m³ fyrir hverja losun.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 m, en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega 4.300 kr. á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða aukagjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 30. nóvember 2006, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi við birtingu og til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 387/2005.

Nr. 1069

20. desember 2006

Samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra 14. desember 2006.

Sauðárkróki, 20. desember 2006.

Guðmundur Guðlaugsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2006